



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

## Kennsluáætlun 2019-2020

**Fag:** Ritun, í 2. bekk haustönn 2019

sambætt við lestur, íslensku talað mál, íslensku hlustun og íslenska málfræði, samfélagsfræði og náttúruvísindi. Að hluta til upplýsingamennt, söngur og textilmennt.

**Bekkur/samkennsluhópur:** 2. Bekkur, í samkennsku með 1. Bekk alla tíma í íslensku.

**Kennari/kennarar:** Unnur Óskarsdóttir

**Fjöldi kennslustunda í faginu á viku:** 8 +/- (á við alla íslensku, lestur, ritun, málfræði, bókmenntir, talað mál og hlustun. Alla miðvikudaga sem hjúkrunarfræðingur kemur inn falla niður íslenskutímar.

**Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið:** 27 heilar kennsluvikur eru á árinu svo  $8 \cdot 27 = 216$  + (10 skertar vikur með ýmsit einn eða tvo frídaga \* 3-4-5 stundir á viku) = 21, 28, 35 stundir sem þýðir  $189 + 21 = 210$ , 217, 224-?

**Tímabil:** Haustönn 2019 22. ágúst – 20. nóvember. Vetrarönn frá 21. nóvember -24. febrúar og vorönn frá 25. febrúar - 4. júní

**Efni/þema sem tekið er fyrir ;** Byrjum árið á UTÁ eða uppeldi til ábyrgðar, vinnum svo með fjöllin og bæjinn okkar, tröllapema, að vera saman í skólafunni, haustið, stafrófið, sérhljóð, samhljóð, samhljóðasambönd, vísur.

Námsefnið listin að lesa og skrifa notað samhliða þeim og bókum sem unnið er með í Byrjendalæsi. Ritun er unnin mjög samhliða og samofin lestrarkennslu í 2. bekk. Að skrifa stök orð sem tengjast þeim, skrifað í stílabækur eftir flettistöflu, markvisst er unnið með ritun frá orði yfir í settningu á haustönn. Í upphafi vetrarannar fá allir nemendur vinnubók sem heitir Ritun 1 og þar eru eftirfarandi atriði lögð inn: stafrófið og stafrófsröð, sóknarskrift, rím, töluorð, nafnorð og settningauppygging. Sérnöfn og samnöfn, að skrifa einfalda sögu og að semja ævintýri með orðasafn til hliðsjónar. Unnið er með aðferðir Byrjendalæsis er tengist hverri bók sem verið er að lesa.

### Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð)

- skrái sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- læri að draga rétt til stafs
- fái fjölbreytt tækifæri til að skrifa á þann hátt sem hann er fær um
- þjálfist í að stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni, svo sem sóknarskrift
- lýsi hlutum og athöfnum og skrái sjálfur eða með aðstoð
- fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vanda sig í ritun
- skrái sjálfur eða með aðstoð verkefni sem hann hefur unnið í öðrum greinum, t.d. í náttúrufræði og samfélagsgreinum
- þjálfist í að nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfur eða með aðstoð og hafi orðasafn sér til halds og trausts.

## **Þættir úr íslenskustefnu Seyðisfjarðarskóla sem eru markmið skólans.**

- fái tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum
- átti sig á mun sérhljóða og samhljóða
- geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum
- geri sér grein fyrir að samhljóðasambönd má finna með rími.

### **Ritun**

- læri að draga rétt til stafs
- þjálfist í að nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- lýsi hlutum og athöfnum og skrái sjálfur eða með aðstoð
- þjálfist í að stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vanda sig í ritun
- skrái sjálfur eða með aðstoð verkefni sem hann hefur unnið í öðrum greinum, t.d. í náttúrufræði og samfélagsgreinum
- fái fjölbreytt tækifæri til að skrifa á þann hátt sem hann er fær um
- skrái sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfur eða með aðstoð

### **-virka hlustun**

**-Að vinna með öðrum, paravinna, hópavinna= paralestur notaður mikið.**

**-Að vinna við hlið annara**

**-Að allir nemendur í hópnum , þekki skriftaráttina**

**- að allir nemendur í hópnum geti notað þau samhljóðasambönd sem löggð verða inn á tímabilinu,**

**- geti fundið þau í orðum,**

**-átti sig á að auðvelt er að finna ný orð með samhljóðasambandi út frá rími.**

**-geti sjálf skrifað niður orð sem ríma**

**-geti sjálf skrifað stutta frásögn þá án aðstoðar**

**-þjálfist í að skrifa orð eins og upp eftir sögudós**

**-þjálfist í að skrifa orð**

**Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)**

**– að allir nemendur geti lesið öll orð með samhljóðasamböndum sem löggð verða inn á þessu tímabili.**

**-Tileinki sér þá hæfni að hljóða sig gegnum lengri orð með það að markmiði að geta skrifað þau**

- geti rifjað upp sögu með söguvegi,
- geti sjálf lestið það sem þau skrifa, upphátt fyrir aðra.
- Geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara og starfsfólks
- geti farið eftir sjónrænum fyrirmælum sem hafa verið útskýrð fyrir nemendum
- Unnið með öðrum nemendum svo sem við spil og að skiptast á
- geti aðstoðað sér yngri nemendr við að skrá einföld orð

### Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

- skrifi sjálfir í áætlunarbókina sína vikulega.
- Að sýna virka hlustun í tímum og fara eftir fyrirmælum.
- að geta sótt einföld orð sem unnið er með í sóknarskrift sjálf.
- geti sjálf og án aðstoðar skráð á miða varðandi 1000 bóka veislu
- séu fyrirmyndir sér yngri nemenda í ritun orða

### Markvisst er unnið með eftirfarandi grunnstoðir menntunar í kennslu og efnistöfum

Grunnpáttur	Dæmi um verkefni eða nálgun á tímabilinu í faginu (hvernig)	Virkt beint	Óbeint
Læsi	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Mikilvægi þess að vera læs er rætt við nemendur og þekking þeirra á því könnuð aftur og aftur. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi-hvað þýðir það að vera læs og er hægt að vera læs á margan hátt! Getu þau skrifað orð og lesið sjálf. Hvernig texta er verið að lesa, er það skáldsaga, fræðitexti, teiknimyndasaga, annað.	X	
Sköpun	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi. Í Byrjendalæsi er mikil sköpun í gangi, söguvegir, leikrit, frásagnir í máli og myndum, dótasögur, persónugerð og sköpun sögusviðs, sem svo eru skráðir á einhvern hátt af nemendum sjálfum.	X	X
Lýðræði Mannréttindi	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.		X
Jafnrétti	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.		X

Heilbrigði og velferð	Seyðisfjarðarskóli er heilsueflandi skóli svo út úr hverju þema, sögu sem unnið er með eru nemendur hvattir til að skoða hvað við getum lært um heilbrigði og velferð. Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.	X	X
Sjálfbærni	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.		X

### Markvisst og reglulega er unnið með eftirfarandi lykilhæfni í kennslu og efnistöku

Lykilhæfni nemenda	Dæmi um útfærslu sem nýtt verður
Tjáning	Daglega er unnið með tjáningu í einverju formi. Nemendur fá þjálfun í því hvernig þeir haga sér þegar einn tjáir sig í einu. Svo sem þegar nemendur hlusta á ritæfingar hvers annars. Æfa sig í að segja frá hugmyndum sínum í rituðu máli. Þegar nemendur segja frá tilfinningum sínum. Verkefni eins og sögudós, uppáhaldsleikfang, fjöskyldan mín eru notuð í þessa þjálfun. Þar sem hver og einn segir fyrst frá og skrifar svo upp þau orð sem hægt er að tína upp úr sögudósinni, eða setningu ef svo ber undir. Umræður daglega um hvaða dagur er og að hver og einn geti tjáð sig frammi fyrir öðrum um daginn, veðrið og tímann. Og skrifað orð/málgreinar um dagana, tímann veðrið. Að 2. bekkjar geti lesið fyrir aðra úr eigin skrifum. Það sem mér finnst um bæjinn minn...
Hlustun	Daglega er unnið með hlustun á einhvern hátt. Nemendur hlusta á upplestur, þau læra hvað virk hlustun þýðir, hlusta á útskýringar hvers annars, hlusta á fyrirmæli kennara og starfsfólks. Hlusta á spurningar samnemenda. Æfa sig í að hlusta á Sal. Þau hlusta þegar samnemendur lesa upp úr sögubók það sem þau hafa sjálf skrifað þar.
Miðlun upplýsinga og þekkingar	Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi. Þá er textinn sem unnið er með hverju sinni notaður til að miðla til annara á þann hátt sem hvert og eitt barn er fært um. Þá fá nemendur tækifæri á að fræða hvert annað um sínar eigin upplifanir eins og í gegnum sögudós. Vinnu með áhugamál hvers og eins. Uppáhalds leikfang og að segja frá fjölskyldunni sinni. Bænum sínum. ofl
Skapandi úrvinnsla	Í hverri viku/annarri hverri eru nemendur að vinna úr texta sem þeir hafa lesið/skrifað eða lesið hefur verið fyrir þau, með því að leika, segja frá, sýna, ofl- það getur verið söguvegur, brúðuleikhús, leikrit, dótasaga, ritaður texti ....
Gagnrýnin hugsun	Nemendur hvattir til að segja frá sinni eigin upplifun og hvort hægt sé að gera eitthvað sem unnið er með á annan hátt. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi. Þá er textinn sem unnið er með hverju sinni notaður til að miðla til annara á þann hátt sem hvert og eitt barn er fært um
Sjálfstæði	Í byrjendalæsi er mikil áhersla á sjálfstæði nemenda, þau þurfa að færa sig sjálf milli verkefna, velja sjálf hvaða verkefni þau byrja á. Hvenær þau taka sér auka heimanám, og fleira. Að einhverju leiti er þetta líka vinna með

	orðskýringar á þessu aldurstigi. Þá er textinn sem unnið er með hverju sinni notaður til að miðla til annara á þann hátt sem hvert og eitt barn er fært um
Samvinna	Mikið er unnið á stöðvum í byrjendalæsi og þá er samvinna mjög virk, nemendur vinna í pörum, litlum hópum 3 – 4 saman, við spil, paralestur, dótasögur, söguveg, svo örlítið dæmi sé nefnt.
Nýting miðla og upplýsinga	Veftorg í íslensku er notað, smáforrit sem við eigum í I-pöðum, fréttir á netinu.
Ábyrgð á eigin námi	Nemendur gera til að byrja með áætlun með kennara sem smá saman verður að þeirra eigin, þeir bera ábyrgð fyrst og fremst á eigin hegðun í tímum og að þeir virði það að samnemendur þeirra eru í skóla til að læra. Allir nemendur skirfa amk 3 ritunarverkefni á haustönn, með aðstoð kennara ef þarf.
Seigla/úthald	Tekur á sig ýmsar myndir í ritun/málfræði, seigla getur falist í því að nemandi hafi þá þolinmæði gagnvart sjálfum sér að ritun er fyrst myndasaga sem svo má setja einstaka orð á yfir í að skrifa sjálfur og án aðstoðar sögu. Að hafa úthald í að hlusta á samnemendur til enda án þess að grípa frammí. Að geta hlustað á sögur annara nemenda.
Mat á eigin námi	Nemendur gera sjálfsmat um mörg hver þau verkefni sem unnið er með í Byrjendalæsi til að byrja með er þetta upprifjun með umsjónarkennara smá saman verða nemendur færari á/í að meta eigin vinnu út frá sjálfum sér. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.

## Helstu kennsluáðferðir

### Byrjendalæsi er meginkennsluáðferð í ritun 2. bekkjar ásamt neðangreinum áðferðum

Rétt grip um skriffæri þjálfað

Stafdráttur kenndur, ítölsk skrift

Skriftaræfingar – stafir- orð -málgrein

Orðhlutaaðferð

Uppbygging setninga

Málfræði- og stafsetningarkennsla

Ýmis ritunarverkefni- frjáls og frá kennara

Kennsla á ritvinnsluforrit

Ritun í orðasafn

Myndasögur unnar út frá texta

Ljóðagerð

Hugarkort Uppbygging sagna Ritunarráttar nýttir og kennsla í notkun þeirra Kennsla mismunandi textaskrif; smásögur, ævintýri, ljóð, blaðgreinar, leikrit, samtöl Frjáls textaskrif Vinnsla bekkjarblaðs

Endursagnir Útdrættir Gagnrýni Orð úr orði Minnispil Orðasúpa Orðaskuggar Setningaklipp/orðaklipp Hugarkort Vennkort Sóknarskrift Leitarkort Dótasaga Sögugerð K-V-L Söguvegur Innlögn á merkingu orða og notkun nýrra orða, orðasambanda og hugtaka Kennsla orðaforða í gegnum umræður og lestur fjölbreytts texta, s.s bókmennta, námsgreina, dagblaða og tímarita Sjálfstæð vinna samkvæmt skriflegum Unnið með vísur og ljóð fyrirmælum Myndræn útfærsla lestexta Útdrættir úr texta Munnlegar frásagnir og endursagnir Kynningar nemenda á lesefni, munnlega, veggspjöld, glærुकynningar Hópumræður, málfundir, þjálfun í rökstuðningi Leikræn tjáning

- |  |   |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Útlistunarkennsla   | <input type="checkbox"/> Útikennsla/útinám                                |
| <input checked="" type="checkbox"/> Þulunám/þjálfunaræfingar                                       | <input checked="" type="checkbox"/> Söguaðferð                            |
| <input checked="" type="checkbox"/> Innlifunaraðferðir. T.d. leiklist í kennslu og hlutverkaleikir |   |
| <input type="checkbox"/> Umræða/spurnaraðferðir  | <input type="checkbox"/> Kann, vill vita hef lært                         |
| <input type="checkbox"/> Leitarnám   | <input checked="" type="checkbox"/> Hópavinna                             |
| <input checked="" type="checkbox"/> Spil/námsleikir  | <input checked="" type="checkbox"/> Þemanám                               |
| <input type="checkbox"/> Samvinnunám   | <input type="checkbox"/> Verklek kennsla (LBD)                            |
| <input checked="" type="checkbox"/> Annað  | <input checked="" type="checkbox"/> Samþætt markvisst við aðrar námsgrein |

Hvað? Byrjendalæsi, lestur, málfræði, talað mál, hlustun, samfélagsfræði, náttúruvísindi, samþættist í ritun.

#### Heimanám:

- Daglega    2-3 sinnum í viku    1 sinni í viku    1 sinni til tvisvar í mánuði
- Nánast ekkert    Frjálst/ nemendastýrt    Ekkert heimanám

#### Námsmat:

Hlutfall sjálfsmats: Nemendur æfa sig í að gera sjálfsmat. Hefur 20% vægi á hverri önn, til að byrja með gera þau myndrænt mat með aðstoð kennara og svo gera þau sjálf.

Hlutfall verkefnaskila: Þrjú ritunarverkefni eru metin sem skil á vetrarönn og vorönn, nemendur velja sjálfir og eða með aðstoð kennara hvaða verkefni á að meta 18-20% fer eftir lengd innihaldi og mati nemenda með kennara.

Hlutfall símats kennara: símat byggir á könnunum um hvernig nemandi dregur til stafs og hversu fær hann er orðin að skrifa sjálfur eigin texta þetta er gert út frá endurritun í vinnubók og söguveg í byrjendalæsisverkefnum. Þá verður lagt eitt svona stafsetningarpróf fyrir nemendur þar sem þau æfa sig í að hlusta og skrifa það sem kennari les það er æft á vetrarönn og lagt fyrir eftir páska á vorönn.

Hlutfall lokamats: Lokamat byggir á öllum ofangreindum prófum og könnunum sem lagðar eru fyrir á vetrarönn og vorönn.

Verkefnamappa og/eða vinnubækur: 32% eru metin á hverri önn, þar mun kennari fara með nemanda yfir verkefni og æfingar. Í sameininu munum við skoða hvort verkefni eru vel unnin, þarfnast frekari þjálfunar eða eru framúrskarandi vel unnin.

Leiðsagnarmat nýtt: já (  )   Nei (  )

**Helstu námsgögn/ námsveitur/ aðföng:** Lestrarbækur og aðrar fræðibækur sem tengjast hverri bók og hverju þema fyrir sig, sem unnið er með í byrjendalæsi. Ritrún 1, Öpp, leikir, spil, lausir bókstafir, náttúran og náttúruhlutir, myndir, ljósmyndir og kvikmyndir námsbækur nemenda. Skapandi starf sem byggir á vinnu nemenda á fjölbreyttan hátt með texta og útfærslu þeirra á texta/sögu/þema sem unnið er með hverju sinni, svo sem leikrit, málverk, skúlpúr, endursögn, söguvegur, frásögn. Listin að lesa og skrfia, léttlestrarbækur við hæfi hvers og eins úr flokki 2 til 5 eftir getu hvers og eins nemenda. Ritun fer frá orði yfir í málsgrein markvisst á árinu og yfir í sögu hjá einhverjum nemendum sem hafa tileinkað sér vel að skrá málsgreinar á síðasta ári.

Undirskrift kennara

Seyðisfjarðarskóli ágúst 2019